

Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
150 Reykjavík

Reykjavík 1. október 2025

Efni: Umsögn Starfsgreinasambands Íslands um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) mótmælir harðlega því ákvæði í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar sem kveður á um að framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða skuli lagt niður frá og með árinu 2026.

Um framlagið var samið árið 2005 í kjölfar þess að örorkubyrði var flutt frá ríkinu yfir til lífeyrissjóðanna með lögum frá 1998. Þegar í upphafi var ljóst að verkamannasjóðirnir, sem byggja á sjóðsfélögum í erfiðustu og mest líkamlega krefjandi störfunum, myndu bera mun þyngri örorkubyrði en aðrir sjóðir. Tilgangurinn með framlaginu var að tryggja jafna stöðu sjóðanna og þar með jafna réttindi allra landsmanna óháð starfsgrein.

Þrátt fyrir það hefur framlagið aldrei dugað til fulls. Í dag er árlegt framlag 4,6 milljarðar en þörfin er 10,1 milljarður til að verkamannasjóðirnir standi jafnt að vígi og aðrir sjóðir. Hallinn nemur því nú þegar 5,4 milljörðum á ári. Ef framlagið verður felld niður að fullu, eins og fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir, mun þessi mismunur nema rúmum 10 milljörðum króna árlega – fé sem tekið verður beint af lífeyrisréttindum verkafólks.

Reiknað hefur verið út að **verkamannasjóðina fjóra vantar 10 milljarða króna í framlag** til að ná meðaltali annarra lífeyrissjóða. Því er augljóst að jafnvel núverandi framlag stendur langt frá því að tryggja jafnræði.

Árið 2023 nam framlagið rúmum **7 milljörðum króna**. Nú liggur fyrir að hluti þeirra fjármuna á að renna í breytingar á örorkukerfinu – með því að ráðast á ellilífeyri og réttindaávinnslu verkafólks. **Svona gerir fólk ekki!**

Það sem SGS hefur árum saman bent á hefur nú verið staðfest af **Aurbjörgu, virtasta samanburðarvef landsins**. Þar kemur skýrt fram að félagar í verkamannasjóðum fá allt að 20% lakari lífeyrisréttindi en sjóðsfélagar annarra lífeyrissjóða, fyrir sömu iðgjaldagreiðslur. Aurbjörg bendir beinlínis á að við val á lífeyrissjóði geti munað **allt að yfir hundrað þúsundum króna á mánuði** í lífeyrisréttindum – þrátt fyrir nákvæmlega sama framlag. Ef framlagið fellur niður alfarið mun óréttlætið í lífeyriskerfinu aukast enn frekar.

SGS er þess fullviss að ef lífeyrisréttindi **Alþingismanna** væru allt að 20% lakari en hjá öðru launafólki þá yrði það lagfært eins og skot. Slíkt misrétti myndu þingmenn aldrei sætta sig við. Það er óásættanlegt að sama ríkið ætli sér að láta slíkt óréttlæti viðgangast gagnvart íslensku verkafólki sem vinnur erfiðustu og líkamlega krefjandi störfin á vinnumarkaðinum.



Starfsgreinasamband
Íslands

Þetta er ekkert annað en kerfisbundið óréttlæti sem grefur undan trausti á íslenska lífeyriskerfinu. Það sem kallað er „samtrygging“ er í raun ekkert annað en að verkafólk er látið bera sína örorku eitt

og sér, á meðan aðrir sjóðir hafa fengið marga milljarða úr ríkissjóði – þótt þeir hafi hvorki þurft á því að halda né átt rétt á.

SGS mótmælir því með öllu að framlagið verði lagt niður og krefst þess að það verði í staðinn tryggt og hækkað í samræmi við raunverulega þörf. Það er algjör forsenda þess að ræða nokkrar breytingar á lífeyriskerfinu í framtíðinni.

Verði þessi krafa ekki uppfyllt mun SGS ekki sætta sig við annað en að ríkið taki örorkubáttinn alfarið yfir til sín á ný.

Virðingarfyllt,


Vilhjálmur Birgisson formaður SGS